

Hallbjörg Bjarnadóttir einleikur í New York í vetur

Skemmtir í Austurbæjarbíói í vikunni

Hallbjörg Bjarnadóttir, hin vinsæla listakona, er komin aftur til landsins eftir nær tveggja ára útivist í Ameríku og víðar, og ætlar að efna til miðnæturskemmtara hér í Reykjavík, hinnar fyrstu í Austurbæjarbíói á miðvikudagskvöld.

Á skemmtun þessari dregur Hallbjörg upp ýmislegt nýtt úr pokahorninu, m.a. hyggst hún fara með fáeina þætti úr prógrammi því sem hún mun flytja seinnipart vetrar á einleikssýningum (monolog) í Cherry Lane-leikhúsinu í New York, litlu en þekktu leikhúsi. Efniskráin á Austurbæjarbíós-

skemmtununum verður þó fyrst og fremst sniðin fyrir íslenská áheyrendur. Þar skiptast á gamanþætti, eftirhermur, söngur o.s.frv. Neo-tríóð aðstoðar, einnig mun eiginmaður Hallbjargar „trufla“ hana og aðstoða að venju.

Sem fyrr segir hefur Hallbjörg dvalið um langt skeið í Ameríku að undanfögnu, farið víðsvegar um Bandaríkin og Kanada og haldið skemmtanir. Í sumar skemmti hún m.a. í Tívoli í Kaupmannahöfn og víðar á skemmtistöðum í Danmörku. Héðan mun hún halda til Svíþjóðar þar sem hún er ráðin til að fara með aðalhlutverk í revíu einni sem sýnd verður í öllum helztu borgum Svíaríkis.

• Bilun og veðurskilyrði hömluðu flugi til Eyja

Vegna fréttar í blaðinu í gær um niðurfellingu flugferðar til Vestmannaeyja hefur Flugfélag Íslands beðið Þjóðviljann að birta eftirfarandi athugasemd:

„Vegna fréttar um niðurfellingu ferðar til Vestmannaeyja að kvöldi 1. sept., óskar Flugfélag Íslands að taka eftirfarandi fram:

Flugvélin Gljáfaxi, sem átti að fara til Vestmannaeyja kl. 20.00 kom frá Meistaravík í Grænlandi kl. 19.30, og hefði sú áætlun staðigt, ef flugmenn hefðu ekki orðið varir við bilun á loftskettatækjum rétt fyrir landingu í Reykjavík.

Bilun þessi á loftskettatækjunum, sem í fyrstu var talin smávægileg, reyndist víðtæktari, og er viðgerð lauk var komið myrkur í Eyjum. Var þá strax athugað hvort veðurskilyrði leyfðu næturflug, en þar var þá vestanátt, 3 vindstíg og næturflug ekki gerlegt. Það var því veðurskilyrðum að kenna að ekki var flogið til Vestmannaeyja í gærkvöld að lokinni viðgerð.

Þegar útséð var um að ekki yrði flogið til Eyja var Gljáfaxi sendur til Akureyrar í stað Glófaxa, sem var að koma frá Ísafirði og upphaflega átti að fara þá ferð.“

• Kona í rauðum armstól



Það þarf ekki að kynna listmálarann Picasso fyrir lesendum. Þessar tvær ólíku myndir gerði hann árið 1932 og bera þær báðar sama heitið: Kona í rauðum armstól. Þær eru nákvæmlega jafnstórar 51 1/4 x 38 1/4 tommur. Sú efri er í eigu listamannsins, en sú neðri er á Tate Gallery í London.

• Þrjú háskólafrímerki gefin út 6. október n.k.

Í tilefni af 50 ára afmæli háskólans mun póst- og síma-
málastjórnin gefa út hinn 6. október næstkomandi þrjú ný frímerki með verðgildunum 1.00 kr. (upplag 2.000.000), 1.40 kr. (upplag 1.500.000) og 10 kr. (upplag 750.000).

Einnar krónu merkið verður brúnt að lit með mynd af Benedikt Sveinssyni, sem á Alþingi var einn helsti talsmaður fyrir stofnun háskóla á Íslandi.

Einnar krónu og fjórtíu aura merkið verður blátt að lit og með mynd af Birni M. Olsen, fyrsta rektor háskólans. Tíu krónu merkið verður grænt og með mynd af háskólaþyngingunni.

Frímerkin verða prentuð í Sviss, hjá firmanu Courvoisier S. A.

• Norskur bankastjóri flytur fyrirlestur í HÍ

Aðalbankastjóri Noregsbanka, Erik Brofoss fyrrverandi fjármálaráðherra, kemur til Reykjavíkur og dvelur hér í nokkra daga. Hann heldur fyrirlestur í boði Háskóla Íslands í hátíðasal Háskólans mánudaginn 4. september kl. 17.00. Fyrirlesturinn fjallar um erlent fjármagn í Noregi og norsk efnahagsmál. Öllum er heimill aðgangur að fyrirlesturinum.

• Saga af veiðimanni

Bandarískur stangarveiðimaður, George Schaffer að nafni, varð himinlifandi þegar líttill fiskur beit á hjá honum í síðustu viku, og kippti hann svo snögglega í stöngina, að fiskurinn þaut í loft upp og lenti uppi í veiðimanninum og fór ofan í kokið á honum. Vinir hans komu að og reyndu að hjálpa honum en tókst ekki. Hann kafnaði í bilnum sem átti að flytja hann til læknis.

Í fyrrinótt var brotist inn í Kópavogskirkju, sem nú er í smíðum, og brotnar þar allmargar rúður. Unglingar voru þarna að verki.



• Ullarstakkar

Stúlkurnar hafa eflaust rekð augun í einkar klæðilegar flíkur sem nú eru á markaðnum, en það eru ullarstakkar í sauðalitunum. Efnið er unnið hjá Álafoss, en frú Ester Ásgerður Búadóttir hefur séð um mynstrin. Stakkarnir eru unnir hjá Sportver h.f.

Þessar flíkur kosta yfir 7 hundruð krónur.

Læknar fjarverandi

Árni Björnsson um óákv. tíma. (Stefán Bogason).
Árni Guðmundsson til 10. sept. (Björgvin Finnsson).
Eggert Steinþórsson óákv. tíma (Kristinn Björnsson).
Erlingur Þorsteinss. til 4. sept. (Guðmundur Eyjólfsson).
Esra Pétursson frá 1. sept í óákv. tíma.
Gísli Ólafsson frá 15. apríl í óákv. tíma. (Stefán Bogason).
Guðjón Guðnason til 10. okt. (Jón Hannesson).
Gunnar Benjamínsson til 17. sept. (Jónas Sveinsson).
Gusnar Guðmundsson óákv. (Halldór Arinbjarnarson).
Haraldur Guðjónss. óákv. tíma. (Karl S. Jónsson).
Hulda Sveinsdóttir frá 1. sept. til 1. okt. (Magnús Þorsteinsson).
Sigurður S. Magnússon óákv. t. Kristjana Helgadóttir til 30. sept. (Ragnar Arinbjarnarson).
Kristján Hannesson til 4. september (Björgvin Finnsson).
Kristján Þorvarðsson til 12. sept. (Ófeigur J. Ófeigsson).
Ólafur Helgason til 4. sept. (Karl S. Jónsson).
Páll Sigurðsson (yngr) til 25. september (Stefán Guðnason, Tryggingarstofnun ríkisins, sími 1-9300. Viðtalst kl. 3-4).
Páll Sigurðsson til septloka. (Stefán Guðnason).
Richard Thors til septloka. Sigurður S. Magnússon óákv. t. (Tryggvi Þorsteinsson).
Skúli Thoroddsen til 30. sept. (Guðmundur Benediktsson).
Stefán Björnsson til 4. sept. (Jón Hannesson).
Stefán Ólafsson í óákv. tíma. (Ólafur Þorsteinsson).
Valtýr Albertsson til 17. sept. (Jón Hjaltalín Gunnlaugsson).
Vikíngur Arnórsson óákv. tíma. (Björn Júlíusson).
Þórður Möller til 17. sept. (Ólafur Tryggvason).

Flokkurinn

Sósíalistafélag Reykjavíkur tilkynnir:

Fundur í öllum DEILDUM n. k. mánudagskvöld.

Meðlimir Sósíalistafélags Reykjavíkur eru minntir á fyrsta skiladaginn í happdrættinu — en hann er á miðvikudag.

Notið vel tímann um helgina til að hafa samband við fólk og koma á framfæri miðum og blokkum.



Félagsfundur ÆFR

Æskulýðsfylkingin í Reykjavík heldur félagsfund næst komandi miðvikudag kl. 9 e.h. Fundarefni mun auglýst síðar. — Stjórn ÆFR.

Þórður sjóarl



Eddy átti erfitt þessa stundina. „Vertu um borð í nótt“, sagði Þórður, „á morgun skulum við fara til hótelsins og athuga málin í ró og næði. Eddy kinkaði kolli til samþykkis. Fransíska svaf ekki mikið þessa nótt. Hvernig færi ef Eddy vildi ekki skrifa undir samninginn?



Það var ekki auðvelt verk að ná í annan hnefaleikara, sem bæði kunnir eitthvað fyrir sér og hægt var að veifa um fingur sér. Snemma morguns bankaði hún á dyrnar hjá Eddy.



flugið

Flugfélag Íslands:

Skýfaxi er væntanlegur til Rvíkur kl. 18 í dag frá Hamborg, K-höfn og Osló. Hrímfaxi fer til Glasgow og K-hafnar kl. 8 í dag. Væntanlegur aftur til Rvíkur klukkan 22.30 í kvöld. Flugvélin fer til Glasgow og K-hafnar kl. 8 í fyrri málið.

Innanlandsflug:

Í dag er áætlað að fljúga til Akureyrar 2 ferðir. Fagurhólmsmýrar, Hornafjarðar, Ísafjarðar og Vestmannaeyja. Á morgun er áætlað að fljúga til Akureyrar 3 ferðir, Egilsstaða, Ísafjarðar, Kópaskers og Vestmannaeyja 2 ferðir.

Loftleiðir h.f.:

Snorri Sturluson er væntanlegur kl. 6.30 frá N.Y. Fer til Oslóar og Helsingfors kl. 8. Er væntanlegur aftur kl. 1.30. Fer til N.Y. klukkan 03.00.

Eiríkur rauði er væntanlegur kl. 9 frá N.Y. Fer til Gautaborgar, K-hafnar og Hamborgar kl. 10.30.

skipin

Skipadeild S.I.S.:

Hvassafell fór í gær frá Reykjavík til Akureyrar. Arnarfell er í Archangelsk. Jökulfell er í Þorlákshöfn. Disarfell er á Raufarhöfn. fer þaðan til Vopnafjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Litlafell fer í dag frá Rvík til Breiðafjarðarhafna. Helgafell fer væntanlega í dag áleiðis til Helsingfors, Hangö og Aabo. Hamrafell fór 23. f.m. frá Hafnarfirði áleiðis til Batumi.

EIMSKIP:

Brúarfoss fer frá Dub'lin 11. p.m. til N. Y. Dettifoss fór frá Vestmannaeyjum 31. f.m. til N.Y. Fjallfoss fór frá Keflavík 1. p.m. til Stykkishólms og Grundarfjarðar og þaðan vestur og norður um land til Rotterdam og Hamborgar. Goðafoss fór frá Fáskrúðsfirði 30. f.m. til Hull og Grimsby. Gullfoss fór frá Rvík í gær til Leith og K-hafnar. Lagarfoss kom til Rvíkur 1. p.m. frá Hull. Reykjavíkfoss fór frá Rotterdam 30. f. m. til Rvíkur. Selfoss kom til Rvíkur 1. p.m. frá N.Y. Tröllafoss fór frá Rvík í gær til Keflavíkur, fer þaðan mánudagskvöld til Vestmannaeyja. Tungufoss fór frá Siglufirði í gær til Gravarna, Lysekil og Gautaborgar.

Háteigsprestakall:

Messa í hátíðasal Sjómannaskólans kl. 11. Séra Jón Þorvarðarson.